
Ályktun um kræklingarækt

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Hnífsdal 16. og 17. september skorar á stjórnvöld að halda áfram þeirri vinnu sem hafin var á síðasta kjörtímabili varðandi endurreisn kræklingaræktar á Íslandi. Mikilvægt er að skapa lagaramma sem styður við vöxt á greininni og samspili hennar við íslenska náttúru. Einnig er mikilvægt að finna leiðir sem styðja við einföldun á starfsumhverfi og vísar þar til rannsókna og sýnatöku sbr. minnisblað sem var undirritað af öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum, ásamt fleirum, haustið 2024.